

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Innbæ.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæ.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hafnarstrætis 29 og felur í sér að byggingarreitur er stækkaður lítillega til norðurs og austurs fyrir svalir og íbúðum er fjölgað úr þremur í sex.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 16. ágúst 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2022